

## LÖG

### um breyting á lögum nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

- a. Orðin „í landbúnaði“ í 4. tölul. 1. mgr. falla brott.
- b. 6. tölul. 1. mgr. orðast svo: til nota á ökutæki sem ætluð eru til sérstakra nota og eru með varanlegum áföstum búnaði til þeirra nota og brenna að meginhluta til dísilolíu í kyrrstöðu, t.d. kranabifreiðar, vörubifreiðar með krana yfir 25 tonnmetrum, borkranabifreiðar, steypuhræribifreiðar, götuhreinsibifreiðar, holræsabifreiðar, borholumælingabifreiðar og úðunarbifreiðar.
- c. 7. tölul. 1. mgr. orðast svo: til nota á beltabifreiðar og námuökutæki sem eingöngu eru notuð utan vega eða á lokuðum vinnusvæðum.
- d. 3. mgr. orðast svo:  
Óheimilt er að nota litaða olíu á skráningarskyld ökutæki, sbr. 63. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, önnur en dráttarvélar skv. 4. tölul. 1. mgr. og ökutæki skv. 6. og 7. tölul. 1. mgr.
- e. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:  
Eigendum ökutækja skv. 6. tölul. 1. mgr. er heimilt að skrá umrædd ökutæki hjá Umferðarstofu sem ökutæki til sérstakra nota og öðlast þar með rétt á gjaldfrjálsri litaðri olíu samhliða því að þeir greiði sérstakt kílómetragjald skv. 6. mgr. 13. gr. Ökutæki skv. 7. tölul. 1. mgr. og ökutæki sem skráð hafa verið til sérstakra nota skal auðkenna með sérstökum hætti í ökutækjaskrá.
- f. 4. mgr. orðast svo:  
Fjármálaráðherra er heimilt að kveða á um skilyrði fyrir undanþágu í reglugerð, þ.m.t. hvaða ökutæki falla undir 6. og 7. tölul. 1. mgr. og um fyrirkomulag skráningar ökutækja skv. 6. og 7. tölul. 1. mgr.

#### 2. gr.

Við 1. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr málslíður er orðast svo: Fjármálaráðherra er heimilt að kveða á um í reglugerð hvernig staðið skuli að sölu eða afhendingu á gjaldfrjálsri olíu.

## 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „endurgreiðslu“ í 3. mgr. kemur: skv. 1. mgr.
- b. Við 3. mgr. bætist nýr málslíður er orðast svo: Beiðnir um endurgreiðslu skv. 2. mgr. skulu afgreiddar af utanríkisráðuneytinu.

## 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

- a. Við 1. tölul. 1. mgr. bætist: eða af ökutækjum skv. 7. tölul. 1. mgr. 4. gr.
- b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein er orðast svo:  
Greiða skal sérstakt kílómetragjald af eftirtöldum ökutækjum:
  1. bifreiðum sem skráðar eru hér á landi, eru 5.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd og skráðar eru í ökutækjaskrá sem ökutæki til sérstakra nota skv. 6. tölul. 1. mgr. 4. gr.,
  2. eftirvögnum sem skráðir eru hér á landi, eru 5.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd og dregnir eru af dráttarvélum. Skrá ber umrædda eftirvagna sem dregnir eru af dráttarvélum hjá Umferðarstofu. Undanþegnir gjaldskyldu eru eftirvagnar sem taldir eru upp í 3. másl. 1. mgr. 63. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, með síðari breytingum.
- c. Á eftir orðinu „kílómetragjalds“ í 2., 6. og 8. mgr. kemur: og sérstaks kílómetragjalds.
- d. Í stað „3. mgr.“ í 4. mgr. kemur: 4. mgr.
- e. 5. mgr. orðast svo:  
Sérstakt kílómetragjald af gjaldskyldum bifreiðum skv. 2. mgr. skal vera sem hér segir:

<i>Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg</i>	<i>Sérstakt kílómetragjald, kr.</i>	<i>Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg</i>	<i>Sérstakt kílómetragjald, kr.</i>
5.000–6.000	9,27	18.001–19.000	23,99
6.001–7.000	10,04	19.001–20.000	25,04
7.001–8.000	10,80	20.001–21.000	26,09
8.001–9.000	11,57	21.001–22.000	27,14
9.001–10.000	12,33	22.001–23.000	28,19
10.001–11.000	13,39	23.001–24.000	29,24
11.001–12.000	14,75	24.001–25.000	30,29
12.001–13.000	16,12	25.001–26.000	31,34
13.001–14.000	17,48	26.001–27.000	32,39
14.001–15.000	18,85	27.001–28.000	33,44
15.001–16.000	20,21	28.001–29.000	34,49
16.001–17.000	21,58	29.001–30.000	35,54
17.001–18.000	22,94	30.001–31.000	36,59
		31.001 og yfir	37,64

- f. Á eftir orðunum „skv. 3. tölul. 1. mgr.“ í 9. mgr. kemur: og sérstakt kílómetragjald skv. 6. mgr.
- g. Við fyrirsögn greinarinnar bætist: og sérstakt kílómetragjald.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

- a. Á eftir 1. málsl. 2. mgr. kemur nýr málsliður sem orðast svo: Sama á við um sérstakt kílómetragjald.
- b. Í stað orðsins „þungaskatt“ í 3. mgr. kemur: kílómetragjald og sérstakt kílómetragjald.

6. gr.

Á eftir orðinu „kílómetragjald“ hvarvetna í 15. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: og sérstakt kílómetragjald.

7. gr.

Á eftir orðinu „kílómetragjald“ í 1. mgr. 16. gr. laganna kemur: og sérstakt kílómetragjald.

8. gr.

Á eftir orðinu „kílómetragjalds“ í 1. mgr. 17. gr. laganna kemur: og sérstaks kílómetragjalds, og á eftir orðinu „kílómetragjald“ í sömu málsgrein kemur: og sérstakt kílómetragjald.

9. gr.

Við heiti II. kafla laganna bætist: og sérstakt kílómetragjald.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

- a. Í stað tilvísunarinnar „12. og 17. gr.“ í 2. mgr. kemur: 12., 14. og 17. gr.
- b. 6. mgr. fellur brott.

11. gr.

Á eftir orðinu „kílómetragjald“ hvarvetna í 21. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: og sérstakt kílómetragjald.

12. gr.

Í stað orðanna „olíugjaldi og kílómetragjaldi“ í 2. mgr. 23. gr. laganna kemur: olíugjaldi, kílómetragjaldi og sérstöku kílómetragjaldi.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þrátt fyrir ákvæði 6. mgr. 13. gr. laganna skal fjárhæð sérstaks kílómetragjalds vera sem hér segir frá gildistöku laga þessara til 1. júlí 2006:

<i>Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg</i>	<i>Sérstakt kílómetragjald, kr.</i>	<i>Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg</i>	<i>Sérstakt kílómetragjald, kr.</i>
5.000–6.000	8,45	18.001–19.000	22,31
6.001–7.000	9,14	19.001–20.000	23,32
7.001–8.000	9,84	20.001–21.000	24,33
8.001–9.000	10,54	21.001–22.000	25,34
9.001–10.000	11,23	22.001–23.000	26,35
10.001–11.000	12,22	23.001–24.000	27,36
11.001–12.000	13,52	24.001–25.000	28,37
12.001–13.000	14,82	25.001–26.000	29,38
13.001–14.000	16,11	26.001–27.000	30,39
14.001–15.000	17,41	27.001–28.000	31,40
15.001–16.000	18,71	28.001–29.000	32,41
16.001–17.000	20,00	29.001–30.000	33,42
17.001–18.000	21,30	30.001–31.000	34,43
		31.001 og yfir	35,44

*Gjört á Bessastöðum, 20. desember 2005.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Árni M. Mathiesen.*